

Afkoma HB Granda hf. á fyrri árs helmingi 2013

- Rekstrartekjur samstæðunnar á fyrri árs helmingi ársins 2013 voru 99,3 m€ en voru 93,3 m€ árið áður.
- EBITDA var 24,1 m€ (24,3%), en var 28,7 m€ (30,8%) árið áður.
- Hagnaður tímabilsins var 16,2 m€ Árið áður nam tap tímabilsins 1,5 m€

	Fyrri árs helmingur	
	2013	2012
Sölutekjur	99.310	93.259
Kostnaðarverð sölu	(72.307)	(61.339)
Vergur hagnaður	27.003	31.920
Útflutningskostnaður	(6.065)	(5.494)
Annar rekstrarkostnaður	(2.569)	(3.033)
Virðisrýmun aflaheimilda	0	(21.601)
Rekstrarhagnaður	18.369	1.792
Fjáreignatekjur	34	40
Fjármagnsgjöld	(1.307)	(2.234)
Gengismunur	4.214	173
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld samtals	2.941	(2.021)
Áhrif hlutdeildarféлага	(1.502)	1.252
Hagnaður fyrir tekjuskatt	19.808	1.023
Tekjuskattur	(3.586)	(2.543)
Hagnaður (tap)	16.222	(1.520)
EBITDA	24.139	28.688

Rekstur fyrstu sex mánaða ársins 2013

Rekstrartekjur HB Granda hf. á fyrri helmingi ársins 2013 námu 99,3 m€, samanborið við 93,3 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 24,1 m€ eða 24,3% af rekstrartekjum, en var 28,7 m€ eða 30,8% árið áður. Lækkun rekstrarhagnaðar má rekja til hækkunar á veiðigjöldum en þau námu 7,2 m€ samanborið við 1,9 m€ fyrri helming ársins 2012. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru jákvæð um 2,9 m€ en voru neikvæð um 2,0 m€ á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarféлага voru neikvæð um 1,5 m€. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 19,8 m€ og hagnaður tímabilsins var 16,2 m€. Tekjuskattur að fjárhæð 3,6 m€ er reiknaður samkvæmt framtali í íslenskum krónum.

Laun og launatengd gjöld námu samtals 32,8 m€ (5,3 milljarðar króna), en 29,0 m€ (4,7 milljarðar króna) á sama tíma árið áður.

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 303,5 m€ í lok júní 2013. Þar af voru fastafjármunir 242,0 m€ og veltufjármunir 61,5 m€. Eigið fé nam 173,8 m€ og var eiginfjárhlutfall 57,3%, en var 55,6% í lok árs 2012. Heildarskuldir félagsins voru í júnílok 129,7 m€

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 20,6 m€ á fyrri helmingi ársins 2013, en 23,3 m€ á sama tíma fyrra árs. Nettó fjárfesting í rekstrarfjármunum nam 9,4 m€. Fjármögnunarhreyfingar námu 15,8 m€ og voru nettó afborganir langtímalána þar af 7,0 m€. Handbært fé lækkaði því um 4,6 m€ og var í lok júní 4,0 m€

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrri helmings ársins 2013 (1 evra = 162,5 kr) verða tekjur 16,1 milljarðar króna, EBITDA 3,9 milljarður og hagnaður 2,6 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 30. júní 2012 (1 evra = 160,7 kr) verða eignir samtals 48,7 milljarðar króna, skuldir 20,8 milljarðar og eigið fé 27,9 milljarðar.

Skipastóll og afli

Breytingar sem kynntar vour á skipastól félagsins í febrúar s.l. hafa gengið eftir. Venus kom úr sinni síðustu veiðiferð þann 3. júlí s.l. og frystitogarinn Helga María sigldi til Póllands í breytingar í júní. Áætlað er að Helga María haldi til veiða sem ísfisktogari um miðjan nóvember n.k.

Á fyrri helmingi ársins 2013 var afli skipa félagsins 29 þúsund tonn af botnfiski og 102 þúsund tonn af uppsjávarfiski.